



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun

Reykjavík, 17. apríl 2026

MSS23100025

UMSÖGN

Umsögn - skýrsla starfhóps íbúaráðs Grafarvogs um stöðu umferðaröryggismála í Grafarvogi

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 18. desember var lagt fram bréf starfhóps íbúaráðs Grafarvogs dags. 4. desember 2024, ásamt erindisbréfi dags. 8. janúar 2024 og skýrslu: Staða umferðaröryggismála í Grafarvogi nóvember 2024, Ábendingar um mögulegar úrbætur. Íbúaráð Grafarvogs samþykkti að vísa skýrslu til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs. Var skýrslunni vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 18. desember.

Umsögn:

Í framhald af því að skýrsla um stöðu umferðaröryggismála í Grafarvogi var lögð fram hefur skrifstofa samgangna og borgarhönnunar farið yfir atriði og ábendingar sem skýrslan hefur að geyma. Heilt yfir er um ágæta samantekt á stöðu umferðaröryggismála í Grafarvogi að ræða sem þakkað er fyrir. Margir af þeim stöðum sem bent er á í skýrslunni voru þekktir fyrir aðrir ekki. Allar eru ábendingarnar móttekna. Athugasemdir og ábendingar skýrslunnar eru þó af ýmsum toga. Sumar beinast að stöðum eða atriðum sem munu ólíklega valda alvarlegum slysum á meðan aðrar snúa að viðhaldi eða jafnvel að því að draga úr umferðartöfum bílaumferðar frekar en að bæta umferðaröryggi.

Það hefur verið leiðarljós í vinnu borgarinnar við að bæta umferðaröryggi að draga úr alvarlegum slysum í borginni, sérstaklega á börnum og ungmennum. Þetta er í samræmi við samþykktu umferðaröryggisáætlun. Unnið er út frá þeim markmiðum fyrir borgina í heild. Líkt og kemur fram í 2. kafla skýrslu starfhópsins er mikilvægt að forgangsraða umbótum þannig að fjármagn nýtist sem best. Það er gert með hliðsjón af þessum markmiðum fyrir borgina í heild.

Ófullkominn frágangur eða útfærsla þýðir ekki sjálfkrafa að nauðsynlegt sé að bregðast við til að bæta umferðaröryggi. Megin stefið í vinnu með umferðaröryggi er að draga úr líkum á að slys verði og síðan að draga úr alvarleika þeirra slysa sem verða. Í þéttbýli, þar sem þar sem markmiðið er samtímis að tryggja öryggi og aðgengi mismunandi ferðamáta, er því megin áherslan bæta samspil vegfarenda og tækifæri þeirra til að bregðast við óvæntum aðstæðum sem eru óhjákvæmilegar í þéttbýli. Það er gert með því að á að draga úr hraða ökutækja, í samræmi við aðstæður á hverjum stað og þá samtímis úr alvarleika þeirra slysa sem verða. Einnig að bæta yfirsýn og lýsingu þannig að vegfarendur sjáist vel og sjái vel til. Að fyrirbyggja öll slys er erfitt. Af þeirri ástæðu er frekar notast við þá nálgun að velja hraðann með tilliti til þess að sem flestir sem



Reykjavík



lenda í slysum eigi möguleika á að ganga heilir frá þeim. Þetta þýðir að hámarkshraði og raunhraði á hverjum og einum stað skal taka mið að því hvers konar slys er líklegt að eigi sér stað og hve háan hraða veikasti vegfarandinn er líklegur til að þola.

Óhjákvæmilegt er að vekja athygli á því að merktar gangbrautir, með skilti og tilheyrandi yfirborðsmerkingu, í samræmi við reglugerð 250/2024 eru ein gerð gönguþverana. Þar sem gönguþverun er merkt sem gangbraut skal ökumaður að nema staðar fyrir gangandi vegfaranda til að veita honum færi á að komast yfir akbrautina. Aðrar gönguþveranir, þ.e. án slíkra merkinga, eru ekki minna löglegar líkt en þar hafa gangandi vegfarendur ekki sama forgang. Unnið er að því að merkja gangbrautir í samræmi viðmið sameiginlegra leiðbeininga Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar um gönguþveranir. Til þess að gönguþverun sé örugg skiptir megin máli að hraði ökutækja sé lágur og að vegfarendur sjáist vel, jafnt í björtu sem myrkri. Samhliða merkingu gangbrauta er því gjarnan komið fyrir sérstakri gangbrautarlýsingu og einhverskonar hraðatakmarkandi aðgerð.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri

